



HÓLLINN HEXAGON VIÐ STEINKROSS

http://www.peturhalldorsson.com/playgr_thingvellir.html#5

Á björtum degi í apríl fór ég í fylgd sérfræðinga á tiltekinn stað á Suðurlandi með tækjabúnað til að skyggast ofan í jarðlögin. Stefnan var tekin inn í Hekluhraun á lítinn hól sem ég fann um árið, merktur á gömlum kortum, Steinkross. Að líkum málsins var þar einu sinni miðja veraldar, samkvæmt mældri heimsmynd landnema Íslands sem Einar Pálsson las úr launsögn Njálu, hóllinn var í miðju leiksviði hennar. Ef rétt er lesið er hægt að greina konungdæmið, tímatal, lög, höfuð áttir og heimkynni guða frá þessum hól. Þar tengdist maðurinn landinu, gangi himintungla og æðri máttarvöldum. Við gerðum mælingar í fingerðu öskufalli frá eldgosu undan Goðasteini í Eyjafallajökli. Eldgos á þeim stað sólúrs er líkt og vetur öskri á andhverfu sína, sumarið því tákni sumars er gangstætt tákni vetrar á sólúri heimsmyndarinnar, 216000 (2 x 108000) fetum norðvestar, þar er nú biskupsstóllinn Skálholt.

Hexagon er flatarmynd tenings líkt og mynd á blaði. Í margslunginni merkingu var það tákmynd sjóndeilarhrings og þar með veraldarinnar allrar sem ég sagði frá í bók minni, *Stærð veraldar*. Þar er á ferð óhefðbundin vísindi þar sem sagnfræðin ræður ríkjum en hlutföll þó mestu. Hlutföll má mæla, það gerir þau óháð því hverju lesandinn trúir. Til að gera langa sögu stutta, blasa við frá hólnum tölur og hugmyndir um merkilega formfræði sem varðar snúning jarðar, stærð hennar og gang sólar og stjarna. Svo að maður megi “átta sig” á yfirborði jarðar og gera sér almanak og sólúr til lífsviðurværis var nauðsynlegt að kunna skil á því líku, lá þá beint við að afmarka heim sem var af þekktri stærð og sem var jafnframt sólúr. Hvort sem og hvurnig sem menn orðuðu slíkar hugsanir.

Vestræn menning vill sigra heiminn og telur sig geta stjórnað náttúrulegumálunum. Því reynist vestrænni manneskju erfitt að skilja forn trúarbrögð sem byggðust á táknum náttúrunnar. Það er sammerkt heimsmyndum veraldar (sjá *Stærð veraldar*) að innbyrðis afstaða höfuðbóla og kennileita í landslagi fylgja ákveðnu mynstri byggt á “sið” náttúrunnar. Landmælingin var hluti af trúarbrögðum eða sið landnámsmanna, samofin fræðum um skipulag og sköpun heims, landið var lifandi veruleiki. Alheimurinn var hugsaður sem afmarkaður smíðisgripur gerður eftir vísindalegri forskrift sem á rætur í náttúrulegri færni mannsins og byggðist á ákveðnum tölum og hlutföllum.

Við trúskiptin þegar gerður var ósýnilegur guð, glataðist þekkingin ekki heldur klæddist kufli Krists. Hann var gerður í okkar mynd, því sonur hans er eins og við. Þegar komið var að því í þróun mannsins að öll veröldin og gæska hennar var felld inn í okkur sjálf, datt gyðingum þetta snilldarbragð í hug er þeir mótuðu Guð með þessum hætti. Eftir að hið nýja Ljós heimsins, Kristur, fæddist á dimmasta tíma árs, jólum, birtust feðgarnir ávallt síðar á sjónhring þegar vorar á páskum, þá á ég við í norðvestur geira sólúrsins, 108.000 fet frá miðju, þar sem biskupsstóllinn Skálholt er nú á Íslandi.